

Kristín Ósk Matthíasdóttir
Þverá
451 Þverá Vatnsfirði

Reykjavík, 8.9.2022
UST202205-060/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 10. júní 2022 þar sem stofnunin áminnti rekstraraðila vegna frávika er fram komu í eftirliti þann vegna frávíks er skráð var í eftirliti þann 13. desember 2021.

Frávikið er eftirfarandi:

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur sem talinn er upp viðauka II í lögum nr. 7/1998 skal hafa gilt starfsleyfi. Rekstraraðili starfar án starfsleyfis og skal því sækja um starfsleyfi í þjónustugátt Matvælastofnunar, eða hætta rekstri, hið allra fyrsta. **Rekstraraðili sótti um starfsleyfi þann 30. mars sl. Í sniðmáti fyrir umsókn um starfsleyfi kemur fram hvaða gögnum skuli skila samhliða umsókn. Þann 13. apríl var bent á af hálfu stofnunarinnar að fjölmörg gögn vantaði í umsóknina. Í öðrum pósti síðar sama dag var rekstraraðila gerð grein fyrir áhrifum þess að umrædd gögn vantaði í umsóknina, þ.e. að umsóknin væri ófullnægjandi, og tiltekið að sú umsókn sem borist hefði væri ekki fullnægjandi viðbrögð hvað úrbætur við frávikinunni varðaði. Nauðsynlegt væri því að senda tímasetta úrbótaáætlun hvað varðaði framhald málsins.**

Þau gögn hafa borist sem óskað var eftir vegna starfsleyfisvinnslu og staðfesti Umhverfisstofnun með bréfi þann 17. ágúst 2022 að umsókn rekstraraðila um starfsleyfi væri fullnægjandi. Eftirfylgnimáli þessu telst því lokið.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 19.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur